

Tryggingastofnun ríkisins

07 821

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Starfspáttayfirlit	7
Skýringar	8

Tryggingastofnun ríkisins

kt. 660269-2669

Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Tryggingastofnun ríkisins er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um almannatryggingar, laga um félagslega aðstoð og laga um málefni langveikra barna. Hlutverk stofnunarinnar er að framfylgja þessum lögum og kynna fyrir almenningi, hagsmunahópum og einstaklingum almenn og sértæk réttindi.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfspáttayfirliti.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 2.075,9 milljónir og afkoma kr. 147,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 143,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 769,7 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Huld Magnúsdóttir
forstjóri

Stjórn:

Ólafur Þór Gunnarsson
formaður

Ásta Möller
varaformaður

Lilja Rafney Magnúsdóttir
meðstjórnandi

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
meðstjórnandi

Sverre Andreas Jakobsson
meðstjórnandi

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.000.700.000	1.902.600.000
Seld þjónusta		18.071.303	11.182.828
Framlög og ýmsar tekjur	3	27.386.891	14.415.289
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	29.707.524	28.955.078
Tekjur samtals		2.075.865.718	1.957.153.195
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	1.346.703.326	1.265.413.612
Annar rekstrarkostnaður	5	551.992.231	865.321.267
Afskriftir og niðurfærslur	6	29.707.524	28.955.078
Gjöld samtals		1.928.403.081	2.159.689.957
Afkoma fyrir fjármagnsliði		147.462.637	(202.536.762)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		9.461	11.770
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	7	(16.460)	(10.893)
		(6.999)	877
Afkoma ársins		147.455.638	(202.535.885)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé		3.875.851	61.772.954
Viðskiptakröfur		31.815.954	444.255
Tengdir aðilar	8	562.292.873	182.022.563
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9	30.635.379	74.464.837
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	110.314.975	125.284.135
Óefnislegar eignir	11	30.716.925	0
Eignir samtals		769.651.957	443.988.744
Skuldir			
Lánastofnanir		45.442.669	0
Tengdir aðilar	8	2.791.246	18.196.729
Viðskiptaskuldir		71.049.709	139.911.627
Ýmsar skammtímaskuldir	12	135.543.462	127.678.631
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	371.165.118	161.997.642
Skuldir samtals		625.992.204	447.784.629
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		143.659.753	(3.795.885)
Eigið fé	14		
Hrein eign		143.659.753	(3.795.885)
Eigið fé samtals		143.659.753	(3.795.885)
Eigið fé og skuldir samtals		769.651.957	443.988.744
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		147.455.638	(202.535.885)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	29.707.524	28.955.078
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(29.707.524)	(28.955.078)
		147.455.638	(202.535.885)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		12.457.759	(53.914.823)
Tengdir aðilar		(202.256.082)	203.258.300
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(15.554.418)	74.752.491
		(205.352.741)	224.095.968
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		(57.897.103)	21.560.083
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(31.237.550)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(15.517.196)	(41.842.023)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		1.299.457	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		(125.000)	5.113.393
		(45.580.289)	(36.728.630)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	28.228.630
Fjárfestingarframlag		45.580.289	8.500.000
		45.580.289	36.728.630
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(57.897.103)	21.560.083
Handbært fé í byrjun árs		61.772.954	40.212.871
Handbært fé í árslok		3.875.851	61.772.954

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	1.566.200.000	9.000.000	1.575.200.000
Fjáraukalög	0	230.000.000	230.000.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	1.566.200.000	239.000.000	1.805.200.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Launabætur	34.500.000	0	34.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	400.000.000	0	400.000.000
Fjárveiting ársins	2.000.700.000	239.000.000	2.239.700.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	(3.795.885)	36.713.507	32.917.622
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	1.996.904.115	275.713.507	2.272.617.622
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(1.853.244.362)	(45.580.289)	(1.898.824.651)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	143.659.753	230.133.218	373.792.971

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2024, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Tryggingastofnun ríkisins		Tæki og búnaður	Samtals 2024
	07 821 101	07 821 601		
	Málefna svið - málaflokkur			
	23 20	24 10		
Tekjur				
Tekjufærsla fjárveitinga	2.000.700.000	0		2.000.700.000
Seld þjónusta	18.071.303	0		18.071.303
Framlög og ýmsar tekjur	27.386.891	0		27.386.891
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	29.707.524	0		29.707.524
Tekjur samtals	2.075.865.718	0		2.075.865.718
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	1.346.703.326	0		1.346.703.326
Annar rekstrarkostnaður	551.992.231	0		551.992.231
Afskriftir	29.707.524	0		29.707.524
Gjöld samtals	1.928.403.081	0		1.928.403.081
Afkoma fyrir fjármagnsliði	147.462.637	0		147.462.637
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	9.461	0		9.461
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(16.460)	0		(16.460)
	(6.999)	0		(6.999)
Afkoma ársins	147.455.638	0		147.455.638
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	147.455.638	0		147.455.638
	147.455.638	0		147.455.638
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:				
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.566.200.000	0		1.566.200.000
Launbætur	34.500.000	0		34.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	400.000.000	0		400.000.000
Fjárveiting til tekna	2.000.700.000	0		2.000.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(1.853.244.362)	0		(1.853.244.362)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	147.455.638	0		147.455.638
Staða fjárveitinga 2023 í lok þess árs	(3.795.885)	0		(3.795.885)
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	143.659.753	0		143.659.753
	143.659.753	0		143.659.753
Fjárfestingar				
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	0	9.000.000		9.000.000
Fjárveiting ársins skv. fjárukalögum	0	230.000.000		230.000.000
Fjárfesting á árinu	(45.455.289)	0		(45.455.289)
Sala fastafjármuna	(125.000)	0		(125.000)
Staða fjárfestingafjárveitingar	(45.580.289)	239.000.000		193.419.711
Staða fjárfestinga 2023 í lok þess árs	(4.686.493)	41.400.000		36.713.507
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2024	(50.266.782)	280.400.000		230.133.218

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á sóludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsęjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsęjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	2.000.700.000	1.902.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	29.707.524	28.955.078
	2.030.407.524	1.931.555.078

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.566.200.000	0	0	1.566.200.000
Launabætur	34.500.000	0	0	34.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	400.000.000	0	0	400.000.000
Fjárveiting til tekna	2.000.700.000	0	0	2.000.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(1.853.244.362)	0	0	(1.853.244.362)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	147.455.638	0	0	147.455.638

	2024	2023
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	5.437.100
Ýmsar tekjur	27.386.891	8.978.189
	27.386.891	14.415.289

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.075.086.107	1.015.621.558
Orlof, breyting	7.864.831	(1.324.554)
Launatengd gjöld	245.158.512	231.183.368
Starfsmannakostnaður	18.593.876	19.933.240
	1.346.703.326	1.265.413.612

Meðalfjöldi stöðugilda	96,7	96,4
------------------------------	------	------

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.958.094	2.190.459
Byggingarvörur, almennar	1.560	162.879
Byggingarvörur, aðrar	0	3.189
Tæki og búnaður til innréttinga	1.027.646	128.723
Ýmis tæki og áhöld	3.197.030	4.632.984
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.275	0
Orkugjafir	4.270.168	4.114.185
Matvæli	24.886.912	23.121.818
Almennar rekstrarvörur	1.841.415	1.583.435
Vörukaup, almenn	37.184.100	35.937.672
Kennslu- og föndurvörur	61.460	55.500
Ýmsar sérgreindar vörur	392.226	0
Vörukaup, sérgreind	453.686	55.500

Skýringar

	2024	2023
5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Fundir, námskeið, risna	9.185.551	7.252.140
Ferðir, uppihald	7.289.355	4.107.200
Akstur	2.180.142	2.117.836
Sérfræðiþjónusta	260.215.176	574.672.607
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	9.687.241	8.600.378
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	22.062.162	22.091.518
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	12.340.394	13.778.662
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	322.960.021	632.620.341
Afnotagjöld	59.631.300	88.081.649
Leigugjöld	114.253.085	104.616.465
Notkun véla og flutningatækja	2.315.684	1.723.263
Verkkaup	18.691.314	17.659.985
Áhættutap og bætur	25.072	0
Opinber gjöld	176.819	107.750
Tilfærslur	177.000	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	195.270.274	212.189.112
Hlutdeild annarra í kostnaði	(3.875.850)	(15.481.358)
Annar rekstrarkostnaður samtals	551.992.231	865.321.267
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	26.851.161	26.619.340
Farartæki og vélar	67.573	67.573
Aðrar eignir	2.268.165	2.268.165
Niðurfærsla óefnislegra eigna	520.625	0
	29.707.524	28.955.078
7 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	1.600	0
Dráttarvextir	9.435	10.893
Gengistap, verðbreytingar	5.425	0
	16.460	10.893
	31.12.2024	31.12.2023
8 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	526.473.996	152.709.563
Aðrir ríkisaðilar	35.818.877	29.313.000
	562.292.873	182.022.563
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	2.791.246	18.196.729
	2.791.246	18.196.729

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Skattar	30.635.379	74.464.837
	<u>30.635.379</u>	<u>74.464.837</u>

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	95.005.233	106.339.198
Farartæki og vélar	377.292	444.865
Aðrar eignir	14.932.450	17.200.615
Verk í vinnslu, fasteignir.....	0	1.299.457
	<u>110.314.975</u>	<u>125.284.135</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	232.974.272	675.739	0	22.681.685	256.331.696
Viðbætur á árinu	<u>15.517.196</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>15.517.196</u>
	248.491.468	675.739	0	22.681.685	271.848.892
Afskriftir 01.01.2024	126.635.074	230.874	0	5.481.070	132.347.018
Afskrift ársins	<u>26.851.161</u>	<u>67.573</u>	<u>0</u>	<u>2.268.165</u>	<u>29.186.899</u>
	153.486.235	298.447	0	7.749.235	161.533.917
Staða 31.12.2024	<u>95.005.233</u>	<u>377.292</u>	<u>0</u>	<u>14.932.450</u>	<u>110.314.975</u>

	31.12.2024	31.12.2023
11 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	30.716.925	0
	<u>30.716.925</u>	<u>0</u>

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2024:

	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2024	0
Viðbætur á árinu	<u>31.237.550</u>
	<u>31.237.550</u>
Niðurfært 01.01.2024	0
Niðurfærsla ársins	<u>520.625</u>
	<u>520.625</u>
Staða 31.12.2024	<u>30.716.925</u>

	31.12.2024	31.12.2023
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	135.543.462	127.678.631
	<u>135.543.462</u>	<u>127.678.631</u>

Skýringar

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	141.031.900	125.284.135
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	230.133.218	36.713.507
	371.165.118	161.997.642

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	125.284.135	36.713.507	161.997.642
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	239.000.000	239.000.000
Áhrif seldra eigna	0	(125.000)	(125.000)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu	(1.299.457)	1.299.457	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	15.517.196	(15.517.196)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	31.237.550	(31.237.550)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(29.707.524)	0	(29.707.524)
	141.031.900	230.133.218	371.165.118

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 34,2 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(3.795.885)	211.716.495
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(12.976.495)
Afkoma ársins	147.455.638	(202.535.885)
Jöfnuður 31.12.	143.659.753	(3.795.885)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samræði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til ársloka 2043 og rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 112,7 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 249,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.